

## AFKOMA Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2015 UMFRAM ÁÆTLANIR

- | EBITDA var neikvæð um 2,3 milljónir USD en var neikvæð um 13,3 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi 2014.
- | Mikil farþegaaukning, góð nýting og lægra eldsneytisverð skýrir að mestu afkomubattann milli ára.
- | Flutningatekjur jukust um 6%, en heildartekjur drógust saman um 3%
- | Eiginfjárlutfall var 34% í lok mars.
- | Handbært fé frá rekstri 117,7 milljónir USD samanborið við 121,4 milljónir USD árið áður.

Púsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting	12 mán. 2014
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Heildartekjur	186.075	191.277	-5.202	-3%	1.113.297
EBITDAR	6.204	-3.137	9.341	-	193.410
EBITDA	-2.268	-13.304	11.036	83%	154.338
EBIT	-19.279	-30.600	11.321	37%	79.009
EBT	-18.304	-33.362	15.058	45%	79.908
Hagnaður /tap tímabilsins	-14.552	-26.721	12.169	46%	66.499
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Heildareignir	992.963	927.291	65.672	7%	849.220
Eigið fé	335.616	298.722	36.894	12%	365.055
Vaxtaberandi skuldir	80.787	93.727	-12.940	-14%	61.934
Handbært fé og markaðsverðbréf	321.943	259.754	62.189	24%	215.641
Nettó vaxtaberandi skuldir	-241.156	-166.027	-75.129	45%	-153.707
<b>Sjóðsstreymi</b>					
Veltufé til (frá) rekstri	1.164	-12.549	13.713	-	162.807
Handbært fé til / frá rekstri	117.687	121.371	-3.684	-3%	215.315
Fjárfestingahreyfingar	-37.611	-33.946	-3.665	11%	-130.156
Fjármögnunarahreyfingar	19.880	-29.138	49.018	-	-88.684
Handbært fé í lok tímabils	282.655	250.213	32.442	13%	184.762
<b>Lykiltölur</b>					
Afkoma á hlut US Cent	-0,29	-0,54	0,25	46%	1,34
Innra virði hlutafjár	8,27	7,36	0,91	12%	9,00
Eiginfjárlutfall	34%	32%	1,6 %-stig	-	43%
Veltufjárlutfall	0,84	0,81	0,03	4%	0,83
Fjárfestingar, púsundir USD	26.347	30.938	-4.591	-15%	109.293
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	69%	64%	5,4 %-stig	-	73%
EBITDAR hlutfall	3,3%	-1,6%	5,0 %-stig	-	17,4%
EBITDA hlutfall	-1,2%	-7,0%	5,7 %-stig	-	13,9%
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>					
Hæsta verð á tímabili	23,20	19,95	3,25	16%	21,40
Lægsta verð á tímabili	20,95	17,25	3,70	21%	16,45
Lokaverð tímabils	21,10	17,90	3,20	18%	21,40
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	105.500	89.500	16.000	18%	107.000

## BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

---

„Afkoma á fyrsta ársfjórðungi var umfram áætlanir okkar og töluvert umfram afkomu fyrsta ársfjórðungs 2014. Helstu skýringar eru mikil aukning farþega í millilandaflugi og góð nýting bæði í fluginu og á hótelum félagsins, auk þess sem lægra eldsneytisverð hefur talsverð áhrif á samanburð við fyrra ár. Framboðs aukning á tímabilinu var 12% en á sama tíma jókst fjöldi farþega um 19%. Sætanýting var 79,2% og hefur aldrei verið hærri á fyrsta ársfjórðungi. Herbergjanýting á hótelum félagsins var einnig mjög góð eða 75,2% samanborið við 67,3% á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Icelandair Group hefur verið í fararbroddi að byggja upp ferðaþjónustu á Íslandi utan háannar og sýna þessar nýtingatölur frá hótelum árangurinn af starfi okkar. Rekstur annarrar starfsemi samstæðunnar gekk einnig vel á fjórðungnum.

Rekstur félagsins er mjög háður ytri aðstæðum, svo sem sveiflum á gengi gjaldmiðla og eldsneytisverði. Styrking Bandaríkjadals gagnvart Evrópumyntum hefur í för með sér neikvæð áhrif á afkomu félagsins, sérstaklega á háannatíma. Í upphafi árs gáfum við út EBITDA spá sem nam USD 160-165 milljónum. Sú spá byggði á að gengiskrossinn milli EUR/USD yrði að meðaltali 1,15 á árinu, en uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að krossinn verði að meðaltali 1,07 á síðustu níu mánuðum ársins. Þá gerum við ráð fyrir að eldsneytisverð án tillits til varna lækki frá upphaflegri spá og verði 600 USD/tonn á síðustu þremur fjórðungum ársins. Að teknu tilliti til þessa er EBITDA spá fyrir árið í heild óbreytt, þrátt fyrir að afkoman hafi verið umfram væntingar á fyrsta fjórðungi.“

## FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar í millilandaflugi voru 477 þúsund og fjölgaði um 19%.
- Sætanyting í millilandaflugi var 79,2% og hefur aldrei verið hærri á fyrsta ársfjórðungi.
- Herbergjanýting á hótelum félagsins var góð, 75,2% og jókst um 7,8 prósentustig milli ára.

	1.ársfj. '15	1. ársfj. '14	% br.
<b>MILLILANDAFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	477,4	400,0	19%
Sætanyting (%)	79,2	74,3	4,9 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	1.775,8	1.578,5	12%
<b>INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	63,1	65,1	-3%
Sætanyting (%)	71,4	70,5	0,8 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	28,4	29,5	-4%
<b>LEIGUFLUG</b>			
Flotanyting (%)	1,0	0,9	3,6 %-stig
Seldir blokk tímar	5.217	6.113	-15%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>			
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	46.641	41.297	13%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	24.127	24.285	-1%
<b>HÓTEL</b>			
Framboðnar gistinætur	66.510	66.569	0%
Seldar gistinætur	49.989	44.812	12%
Herbergjanýting (%)	75,2	67,3	7,8 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 12% á fyrsta ársfjórðungi. Aukning framboðs á flugleiðum til N-Ameríku var 15% en um 9% til Evrópu. Stærstur hluti aukningarinnar til N-Ameríku skýrist af aukinni tíðni til Washington og Edmonton.

Farþegar í millilandaflugi voru um 477 þúsund á fyrsta ársfjórðungi og fjölgaði um 19% samanborið við fyrsta ársfjórðung á síðasta ári. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en hlutfallslega var hún mest á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam tæpum 23%. Aukning á ferðamannamarkaðinum til Íslands var einnig mikil eða 19% og er þessi markaður stærstur á fyrsta fjórðungi ársins með 47% af heildarfarþegafjölda. Sætanyting var góð 79,2% samanborið við 74,3% á sama tímabili á síðasta ári og hefur hún aldrei verið jafnhá á fyrsta ársfjórðungi og nú.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru rúmlega 63 þúsund á fjórðungnum og fækkaði um 3% miðað við síðasta ár. Framboð var 4% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting á fjórðungnum nam 71,4% og jókst um 0,8 prósentustig á milli ára. Veðurskilyrði á Íslandi voru mjög slæm á fyrsta fjórðungi ársins og þurfti að fella niður mun fleiri flug í ár samanborið við fyrri ár. Seldum blokk tímum í leiguflugi á fjórðungnum fækkaði um 15% á milli ára. Flutt frakt í áætlunarflugi dróst saman frá fyrra ári um 1%. Fjöldi seldra gistinóta jókst mikið á milli ára á fjórðungnum eða um 12%. Herbergjanýtingin nam 75,2% miðað við 67,3% á sama tímabili á síðasta ári.

## ÞRÓUN GJALDMIÐLA OG ÁHRIF Á REKSTUR

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD, en þar sem félagið starfar og selur þjónustu víða um heim þá hefur þróun annarra gjaldmiðla á móti USD töluverð áhrif á afkomu félagsins, sérstaklega ef sveiflurnar eru miklar, eins og verið hefur undanfarið ár. Sögulega hefur meirihluti tekna félagsins verið í Evrópumyntum á meðan meirihluti kostnaðarins hefur verið í USD. Í yfirlitinu hér að neðan má sjá hvernig myntskipting tekna og gjalda var á 1. ársfjórðungi þessa árs samanborið við 1. ársfjórðung og allt árið 2014.

Tekjur	1.ársfj. 2015	1.ársfj. 2014	12M 2014	Kostnaður	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	12M 2014
USD	41%	42%	41%	USD	51%	52%	53%
ISK	31%	31%	24%	ISK	34%	33%	30%
EUR	12%	12%	17%	EUR	10%	9%	11%
GBP	8%	7%	4%	GBP	2%	3%	3%
CAD	3%	0%	5%	CAD	1%	0%	1%
Annað*	6%	8%	8%	Annað*	2%	3%	2%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

\*Annað er að mestu Skandinavíumyntir

Á undanförunum mánuðum hefur USD styrkst gagnvart flestum myntum. Þannig er EUR á fyrsta ársfjórðungi nú 18% veikari á móti USD en á sama tímabili í fyrra, og ISK 14% veikari. Tekjur á Q1 2015 eru 3% lægri en á sama tíma árið 2014. Á föstu gengi vaxa tekjurnar um 6,5% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 1. ársfj. 2015	Breyting frá 1. ársfj. 2014	Lokagengi 31.03 2015	Breyting frá 31.03 2014
ISK	0,007	-14%	0,007	-18%
EUR	1,127	-18%	1,074	-22%
GBP	1,515	-8%	1,485	-11%
CAD	0,807	-10%	0,789	-13%
DKK	0,151	-18%	0,144	-22%
NOK	0,129	-21%	0,124	-26%
SEK	0,120	-22%	0,116	-25%

## REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting
EBITDAR	6.204	-3.137	9.341
EBITDA	-2.268	-13.304	11.036
EBIT	-19.279	-30.600	11.321
EBT	-18.304	-33.362	15.058
Tap tímabilsins	-14.552	-26.721	12.169
EBITDAR %	3,3%	-1,6%	5,0 %-stig
EBITDA %	-1,2%	-7,0%	5,7 %-stig

EBITDA var neikvæð um 2,3 milljónir USD og hækkaði um 11,0 milljónir USD á milli ára. EBITDA-hlutfall var -1,2% á fyrsta ársfjórðungi en var -7,0% á sama tímabili 2014. Helstu skýringar á bættari afkomu milli ára er fjölgun farþega í millilandaflugi og góð nýting bæði í flugi og á hótélum félagsins auk lægra eldsneytisverðs. EBIT var -19,3 milljónir USD samanborið við -30,6 milljónir USD á sama tímabili árið 2014. Tap eftir skatta var 14,6 milljónir USD en á sama tímabili 2014 nam tapið 26,7 milljónum USD. EBITDAR var jákvæð um 6,2 milljónir USD en var neikvæð á sama tíma á síðasta ári um 3,1 milljón USD.

## TEKJUR

- Heildartekjur voru 3% lægri en á fyrsta ársfjórðungi 2014.
- Farþegatekjur jukust um 7% á milli ára.
- Gengisþróun og lægra olíuverð draga úr tekjuvexti á milli ára.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting	% af tekjum 2015
Flutningatekjur:	128.339	121.580	6.759	6%	69%
Farþegaflug	118.157	110.392	7.765	7%	63%
Vöru- og póstflutningar	10.182	11.188	-1.006	-9%	5%
Flugvéla- og áhafnaleiga	20.179	21.961	-1.782	-8%	11%
Aðrar rekstrartekjur	37.557	47.736	-10.179	-21%	20%
<b>Samtals</b>	<b>186.075</b>	<b>191.277</b>	<b>-5.202</b>	<b>-3%</b>	<b>100%</b>

Heildartekjur drógust saman á milli ára á fyrsta ársfjórðungi þrátt fyrir aukið umfang. Skýrist það af veikingu Evrópumynta á móti Bandaríkjadal. Á föstu gengi er tekjuaukning um 6,5%. Flutningatekjur jukust um 6,8 milljónir USD eða um 6% á milli ára. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu drógust saman um 1,8 milljónir USD eða 8% vegna færri leiguflugsverkefna. Aðrar rekstrartekjur námu 37,6 milljónum USD og lækkuðu um 10,2 milljónir USD eða um 21% miðað við fyrsta ársfjórðung 2014. Skýrist það að mestu leyti af tekjum af seldri viðhaldsþjónustu sem námu USD 9,1 milljón á síðasta ári samanborið við 0,5 milljónir í ár. Á móti þessum tekjum í fyrra var aukinn viðhaldskostnaður sem nú lækkar einnig, sbr. skýringu á viðhaldskostnaði flugvéla í umfjöllun um kostnað hér á eftir.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting
Vörusala á hótelum, flugvöllum og flugvélum	12.503	13.558	-1.055	-8%
Tekjur af ferðaþjónustu	14.201	13.303	898	7%
Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt	6.535	8.132	-1.597	-20%
Seld viðhaldsþjónusta	516	9.141	-8.625	-94%
Söluhagnaður fastafjármuna	103	69	34	49%
Aðrar rekstrartekjur	3.699	3.533	166	5%
<b>Samtals</b>	<b>37.557</b>	<b>47.736</b>	<b>-10.179</b>	<b>-21%</b>

## KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 188,3 milljónum USD og lækkaði um 16,2 milljónir USD.
- Kostnaður lækkar þrátt fyrir aukið framboð í millilandaflugi vegna lægra eldsneytisverðs, jákvæðra gengisáhrifa og niðurfærslu viðskiptakrafna á síðasta ári.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting	% af kostnaði 2015
Laun og annar starfsmannakostnaður	57.087	60.889	-3.802	-6%	30%
Flugtengdur kostnaður	81.903	89.417	-7.514	-8%	43%
Annar kostnaður	49.353	54.275	-4.922	-9%	26%
<b>Samtals</b>	<b>188.343</b>	<b>204.581</b>	<b>-16.238</b>	<b>-8%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 57,1 milljón USD og lækkaði um 3,8 milljónir USD eða 6% á milli ára, þrátt fyrir aukið umfang rekstrarins og samningsbundnar launahækkanir. Skýrist það af jákvæðum gengisáhrifum, en stærstur hluti launakostnaðar félagsins er í ISK sem hefur veikst á móti USD á samanburðartímabilinu.

Flugtengdur kostnaður nam 81,9 milljónum USD og lækkaði um 7,5 milljónir eða 8%. Skýrist lækkunin af styrkingu USD gagnvart Evrópumyntunum, lágu eldsneytisverði og lægri viðhaldskostnaði.

Púsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting
Eldsneytiskostnaður	43.610	47.971	-4.361	-9%
Flugvéla-leiga	5.688	6.007	-319	-5%
Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld	14.882	14.372	510	4%
Viðhaldskostnaður flugvéla	17.723	21.067	-3.344	-16%
<b>Samtals</b>	<b>81.903</b>	<b>89.417</b>	<b>-7.514</b>	<b>-8%</b>

Eldsneytiskostnaður nam samtals 43,6 milljónum USD og lækkaði um 4,4 milljónir USD eða 9% frá sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti var 41% lægra á fyrsta ársfjórðungi 2015 samanborið við sama tímabil 2014. Vegna eldsneytisvarna félagsins kemur ávinningur af lækkandi heimsmarkaðsverði ekki að fullu inn í uppgjórið. Uppgjörsvæði félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 739 USD/tonn, sem er 28% hærra en heimsmarkaðsverðið. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok mars er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf.“ hér á eftir. Flugvéla-leiga lækkaði í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2014 um 0,3 milljónir USD eða 5%. Skýrist það af færri vélum á rekstrarleigu, en um mitt síðasta ár var einni fraktvél skilað sem hafði verið í leiguflugsverkefnum. Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 0,5 milljónir USD á milli ára eða um 4%. Viðhaldskostnaður nam 17,7 milljónum USD og lækkaði á milli ára um 3,3 milljónir USD. Skýrist það að hluta af kostnaði tengdum viðhaldi fyrir viðskiptamenn á síðasta ári sem félagið hafði tekjur á móti af, en ekki er til staðar nú.

Annar rekstrarkostnaður nam 49,4 milljónum USD og lækkaði um 4,9 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	5.058	5.569	-511	-9%
Samskiptakostnaður	4.363	4.422	-59	-1%
Auglýsingakostnaður	5.963	5.812	151	3%
Bókunargj., kreditkortabókun og umboðslaun	12.377	12.256	121	1%
Kostnaðarverð seldra vara	4.213	4.427	-214	-5%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	3.997	3.574	423	12%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	6.989	7.151	-162	-2%
Tapaðar kröfur	-182	3.834	-4.016	-
Annar rekstrarkostnaður	6.575	7.230	-655	-9%
<b>Samtals</b>	<b>49.353</b>	<b>54.275</b>	<b>-4.922</b>	<b>-9%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

### Gengisáhrif voru jákvæð á tímabilinu

Púsundir USD	1. ársfj. 2015	1. ársfj. 2014	Breyting	% Breyting
Fjármagnstekjur	575	460	115	25%
Fjármagnsgjöld	-1.542	-1.898	356	-19%
Gengisáhrif	1.852	-1.249	3.101	-
<b>Samtals</b>	<b>885</b>	<b>-2.687</b>	<b>3.572</b>	<b>-</b>

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 1,5 milljónum USD samanborið við 1,9 milljónir USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð að fjárhæð 1,9 milljónum USD, en

voru neikvæð að fjárhæð 1,2 milljónum USD á sama tímabili árið 2014. Vegna skulda umfram eignir í íslenskum krónum í efnahagsreikningi veldur veiking krónunnar á móti bandaríkjadal gengishagnaði á fjórðungnum.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- | Heildareignir námu 993,0 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.
- | Eiginfjárlutfall var 34%.
- | Vaxtaberandi skuldir námu 80,8 milljónum USD og hækka frá byrjun árs vegna skuldabréfaútgáfu.

Þúsundir USD	31.03.2015	31.12.2014	Breyting	31.03.2014
Heildareignir	992.963	849.220	143.743	927.291
Eigið fé	335.616	365.055	-29.439	298.722
Vaxtaberandi skuldir	80.787	61.934	18.853	93.727
Nettó vaxtaberandi skuldir	-241.156	-153.707	-87.449	-166.027
Handbært fé og markaðsverðbréf	321.943	215.641	106.302	259.754
Eiginfjárlutfall	34%	43%	-9 ppt	32%
Veltufjárlutfall	0,84	0,83	1%	0,81

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 325,8 milljónum USD og jukust um 6,5 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í lok fjórðungsins voru 38 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 29 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

Flugvéla-gerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Flugfloti 31.03.15	Flugfloti 31.12.14	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.14
B757 200	20	2	3		25	24	21	4	1
B757 300	1				1	1	1		0
B767 300			2		2	2		2	0
B737 700			1		1	1		1	0
B737 800			2		2	2		2	0
Fokker F-50				5	5	5	5		0
Dash 8-200				2	2	2	2		0
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>2</b>	<b>8</b>	<b>7</b>	<b>38</b>	<b>37</b>	<b>29</b>	<b>9</b>	<b>1</b>

Eigið fé nam 335,6 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 34%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars var færður til skuldar og til lækunar á eigin fé, en hann var greiddur út 9. apríl. Arðurinn nam 0,50 US cent á hvern hlut og var samtals 17,9 milljónir USD. Í árslok 2014 var eiginfjárlutfallið 43%.

Hinn 15. apríl 2015 hafnaði yfirséttanefnd kröfum Icelandair Group um að fella úr gildi úrskurð Ríkisskattstjóra frá 18. desember 2013 þess efnis að vaxtagjöld af lánum sem félagið tók yfir vegna öfugs samruna á árinu 2006 væru ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður. Stjórnendur Icelandair Group hafa ákveðið að skjóta málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur. Ef málið tapast að fullu fyrir dómstólum þá getur eigið fé félagsins lækkað um allt að 9,6 milljónir USD. Í árshlutareikningi félagsins er ekki tekið tillit til úrskurðar ríkisskattstjóra.

Vaxtaberandi skuldir námu 80,8 milljónum USD, samanborið við 61,9 milljónir USD í ársbyrjun. Skýrist það af skuldabréfaútgáfu í byrjun árs að fjárhæð 23,7 milljónir USD. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 3,8 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 321,9

milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2015 samanborið við 259,8 milljónir USD á sama tíma á síðasta ári. Nettó vaxtaberandi skuldir voru því neikvæðar að fjárhæð 241,2 milljónum USD í lok fjórðungsins.

<b>Púsundir USD</b>	<b>31.03.2015</b>	<b>31.12.2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>31.03.2014</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	68.557	49.671	18.886	74.600
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	12.230	12.263	-33	19.127
Markaðsverðbréf	39.288	30.879	8.409	9.541
Handbært fé	282.655	184.762	97.893	250.213
<b>Nettó vaxtaberandi skuldir</b>	<b>-241.156</b>	<b>-153.707</b>	<b>-87.449</b>	<b>-166.027</b>

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé í lok mars var 282,7 milljónir USD.**
- | **Fjárfestingar námu samtals 26,3 milljónum USD.**
- | **Útgefið skuldabréf nam 23,7 milljónum USD.**

<b>Púsundir USD</b>	<b>1. ársfj. 15</b>	<b>1. ársfj. 14</b>	<b>Breyting</b>
Veltufé frá / til rekstrar	1.164	-12.549	13.713
Handbært fé til / frá rekstri	117.687	121.371	-3.684
Fjárfestingahreyfingar	-37.611	-33.946	-3.665
Fjármögnunarahreyfingar	19.880	-29.138	49.018
Handbært fé, breyting	99.956	58.287	41.669
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>282.655</b>	<b>250.213</b>	<b>32.442</b>

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 117,7 milljónum USD og var 3,7 milljónum USD lægra en á fyrsta ársfjórðungi 2014. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 25,9 milljónum USD, þar af var stærsti hlutinn vegna fjárfestinga í flugvélum og fylgihlutum, en ein Boeing 757 flugvél var keypt á tímabilinu. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 0,5 milljón USD.

<b>Púsundir USD</b>	<b>1. ársfj. 15</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	15.522
Hreyflayfirhöl eigin véla	4.074
Aðrar fjárfestingar	6.283
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	25.879
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	211
Óefnislegar eignir	257
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>26.347</b>

Afborganir langtímalána námu 3,8 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé á fjórðungnum jókst um 100,0 milljónir USD. Aukning á sama tíma á síðasta ári nam 58,7 milljónum USD. Neikvæð gengisáhrif á handbært fé nam 2,1 milljón USD.



## HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

---

- | **Arðbær innri vöxtur á árinu 2015 áætlaður.**
- | **Breyttar áherslur í flugflota með nýjum flugvélagerðum.**
- | **Mikil uppbygging í hótelfarfræðisemi félagsins.**

Gott útlit er í millilandafræðisemi Icelandair Group. Árið hefur farið vel af stað með mikilli fjölgun farþega á milli ára og góðri sætanýtingu. Bókunarstaða fyrir næstu mánuði er góð og bókanir fyrir sumarið eru í takt við áætlanir. Nýverið tilkynnti félagið um breyttar áherslur í flugflota millilandaflugsins. Á haustmánuðum 2015 mun tveimur B757-200 leiguvélum sem taka 183 farþega í sæti verða skilað og þær leystar af hólmi með tveimur B767-300 vélum er taka 260 farþega í sæti. Há sætanýting á mörgum flugleiðum félagsins allan ársins hring, auk takmarkana á afgreiðslutímum á sumum flugvöllum gerir það fýsilegt að taka inn stærri flugvélar. Nýju vélarnar munu byrja að fljúga í leiðakerfinu á vormánuðum 2016. Þær eru mun langdrægari en B757-200 vélarnar og munu með tilkomu þeirra skapast ný tækifæri til sóknar á nýja markaði.

Gott útlit er í hótelfarfræðisemi félagsins og hefur mikil uppbygging átt sér stað á síðustu árum. Árið 2015 mun félagið reka 22 hótelfarfræðisemi um land, þar af eru 10 heilsárseiningar. Frekari uppbygging er í fullum gangi og styttest í opnun nýrrar viðbyggingar Icelandair Hótel Reykjavík Marina nú á vormánuðum. Viðbyggingin mun rýma 47 herbergi og styrkja núverandi fræðisemi félagsins á hafnarvæðinu. Á árinu 2016 mun félagið opna 2 ný hótelfarfræðisemi í miðbæ Reykjavíkur, annað við Smiðjustíg með 115 herbergi og hitt við Hafnarstræti með 53 herbergi. Miðlæg staðsetning og nálægð við Hörpu og helstu viðburði borgarinnar eru miklir kostir þessara nýju hótelfa. Til viðbótar keypti félagið nýlega hótelfarfræðisemi við Mývatn sem ráðgert er að endurbyggja og bæta við. Þessi kaup eru liður í stefnu félagsins að styrkja ferðarþjónustu á landsbyggðinni og byggja upp áfangastaðinn Ísland sem heilsársáfangastað.

Tímamót eru í innanlandsfræðisemi félagsins, en ákveðið hefur verið að skipta út öllum fimm Fokker-50 vélum félagsins fyrir þrjár Q400 vélar. Eftir breytinguna verður innanlandsfræðisemin með fimm flugvélar í rekstri, þrjár Q400 og tvær Q200. Q400 vélarnar taka 70 manns í sæti en Fokker-50 vélarnar sem taka 50 manns. Við þessa breytingu verður einföldun og hagræðing í rekstri innanlandsfræðiseminnar þar sem flugvélum fækkar ásamt því að samlegð eykst þar sem allar flugvélar verða frá sama framleiðanda. Með flugvélastiptunum sér félagið fram á tækifæri til sóknar á nýja markaði ásamt því að sinna innanlandsmarkaðnum betur þar sem um stærri vélar er að ræða auk styttri ferðatíma. Félagið stefnir að því að fjölga erlendum ferðamönnum enn frekar um borð í flugvélum félagsins.

Fraktfræðisemin gengur vel. Félagið hefur dregið sig alfarið úr leiguflugsfræðisemi með frakt og einbeitt sér nú að fraktflutningum í áætlunarflugi með rekstri tveggja fraktvéla ásamt því að nýta lestar farþegavéla í millilandaflugi. Rekstur annarra dótturfélaga samstæðunnar gengur einnig vel og er ráðgert að afkoma þeirra á árinu 2015 verði í takt við áætlanir.

Staða eldsneytisvarna í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir. Auk samningsbundinna varna skilgreindir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

Mán.	Áætluð notkun (tonn)	Valréttir	Skipta-samn.	Samtals valréttir og skiptasamn.	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD	Kaupréttar-verð	Söluréttar-verð
Apr '15	18.480	3.000	7.200	10.200	55%	841	1.000	892
Maí '15	26.891	4.000	12.200	16.200	60%	834	1.000	932
Jún '15	34.695	6.000	14.200	20.200	58%	828	987	883
Júl '15	36.777	6.000	14.300	20.300	55%	804	987	871
Ágú '15	36.679	8.000	12.300	20.300	55%	781	965	854
Sep '15	30.956	6.000	10.200	16.200	52%	793	929	859
Okt '15	24.181	4.000	9.200	13.200	55%	662	900	831
Nóv '15	20.109	0	10.200	10.200	51%	660	0	0
Des '15	19.092	0	11.200	11.200	59%	595	0	0
Jan '16	19.188	0	10.000	10.000	52%	607	0	0
Feb '16	17.446	0	10.000	10.000	57%	642	0	0
Mar '16	19.791	0	10.000	10.000	51%	614	0	0
<b>Samtals</b>	<b>304.285</b>	<b>37.000</b>	<b>131.000</b>	<b>168.000</b>	<b>55%</b>	-	-	-

## EBITDA SPÁ 2015


EBITDA spá fyrir árið 2015 er óbreytt frá því í byrjun febrúar en áætlað er að EBITDA verði 160-165 milljónir USD. Gert er ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,07 á tímabilinu apríl – desember, en í spánni í febrúar var gert ráð fyrir að gengiskrossinn yrði að meðaltali 1,15 á árinu. Gert er ráð fyrir að verð þotueldsneytis (án tillits til varna) verði 600 USD/tonn á síðustu þremur ársfjórðungum en það er lækkun frá upphaflegri spá. Styrking dollarans hefur neikvæð áhrif á afkomu félagsins sérstaklega yfir háönnina, þar sem meirihluti teknanna er í Evrópumyntum. Vegna góðs árangurs á fyrsta ársfjórðungi og lækkunar á eldsneytisverði er EBITDA spáin óbreytt þrátt fyrir neikvæð gengisáhrif. Við gerð afkomuspárinnar er ekki tekið tillit til óvissu á vinnumarkaði á Íslandi sem getur haft töluverð áhrif á afkomu félagsins.

## HLUTHAFAR

- | Hlutabréfaverð Icelandair Group nam 21,1 krónu í lok fyrsta ársfjórðungs.
- | Markaðsvirði í lok mars var 105,5 milljarðar króna.

Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fyrsta ársfjórðungi var 23,20 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 20,95 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 22,02 krónur á hvern hlut. Viðskipti með hlutabréf Icelandair Group námu alls 1.001 á fjórðungnum og heildarviðskiptin námu 16,7 milljörðum króna. Meðalupphæð hverra viðskipta var 16,7 milljónir króna. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um 1,4% á fjórðungnum og fjöldi hluthafa var 2.146 í lok hans og fjölgaði um 46 frá upphafi árs. Fjöldi útgefna hlutabréfa þann 31. mars 2015 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000.

## Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrsta ársfjórðungi 2015:



## KYNNINGARFUNDUR 30. APRÍL 2015

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2015 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 16:30 og verður í sal 3. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/>

## SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fyrsta ársfjórðungs 2015 var samþykktur á stjórnarfundi þann 29. apríl 2015.

## FJÁRHAGSDAGATAL

- | Uppgjör 2. ársfjórðungs – vika 31, 2015
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs – vika 44, 2015
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2016
- | Aðalfundur – vika 11, 2016

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801